



Fréttatilkynning frá Dómsmálaráðuneytinu

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðuneytið – Utanríkisráðherra - Dómsmálaráðuneytið –
Tíminn – Blaðgrein – 1949

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-13, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fréttatilkynning
frá dómsmálaráðuneytinu.

Vegna greinar í dagblaðinu "Tíminn", föstudaginn 11. þ.m., um byggingu og kaup embættisbústaða fyrir dómara, skal þetta tekið fram:

Það er ekki rétt með farið er í greininni segir, að fjárveitingar og heimildir í þessu skyni á undanförunum fjórum árum, hafi aðeins numið 500 þús. kr. árið 1948 og 400 þús. kr. árið 1947. Árið 1946 er 200 þús. kr. heimild, sem sleppt er að geta í greininni.

Í fyrirsögn áður nefndrar greinar eru talin "keypt og byggð dómrahús fyrir nær hálfa ^{þriðju}miljón síðustu fjögur ár."

Í þessu sambandi skal tekið fram, að árin 1946-1948, er teknar höfðu verið upp fjárveitingar til þessara aðgerða, eru, eins og áður segir, ætlaðar til þeirra kr. 1,100,000.00 (en ekki 900,000.00) og er til þeirra varið kr. 1,588,856.24.- Á árinu 1945 var keyptur embættisbústaður á Húsavík og var kaupverð hans kr. 70,000.00 og var andvirðið greitt af 20. gr. fjárl. (eignahreyfingar) án sérstakrar fjárveitingar, en slík kaup á embættisbústöðum höfðu margt verið gerð á undanförunum 20 árum og má nefna til, að á árinu 1940 voru keyptir bústaðir á Eskifirði, í Vestmannaeyjum og í Stykkishólmi. Verður því að telja algerlega villandi, er í áður nefndri grein er talað um slík kaup án sérstakrar fjárlagaheimildar sem eitthvert sérstakt fyrirbæri síðustu ára.

Dómsmálaráðuneytið, 12. marz 1949.